

56
12. júní

Aukaskoðun skal gerð milli aðalskoðana svo oft, sem þurfa þykir. Komi gallar á lyftu í ljós við aðalskoðun eða aukaskoðun, skal skoðunarmaður banna notkun lyftunnar, þar til úr göllunum hefir verið bætt.

37. gr.

Þegar lyfta hefir verið skoðuð og ekkert fundist athugavert við hana, skulu skoðunarmenn skrifa vottorð um niðurstöðu skoðunarinnar. Vottorð þetta skal fest upp í lyftustólnum undir gleri eða vírneti, og vera þar, þar til vottorð um næstu skoðun er sett upp.

38. gr.

Brot á reglugjörð þessari varðar sektum frá 20—2000 krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

39. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

57
18. júní

fyrir

Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 15, 15. júní 1926 eru í dag gefnar út eftirfarandi reglur fyrir Veðurstofu Íslands.

I. Starfssvið Veðurstofunnar skal vera:

1. gr.

- a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurathugunarstöðvar úti um land, sem standi undir umsjón og eftirliti Veðurstofunnar.

- b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur 18. júní 57 atvinnuvegum landsins.
- c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum og senda út fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við hættulegum illviðrum á landi og miðum úti, og segja fyrir úrkomu að sumrinu.
- d. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Sama gildir þegar eldgos eða öskufall ber að höndum.
- e. Að standa í samráði við ríkisstjórnina fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hér með er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru frá Íslandi til annara landa.
- f. Af hafa eftirlit með landskjálftamælingum og safna fregnum um landsskjálfta og gefa út skýrslur um þær athuganir.
- g. Að aðstoða opinberar, innlendar flugferðir með veðurfregnum.

II. Veðurathuganastöðvar.

2. gr.

Veðurathuganastöðvar Veðurstofunnar skiftast í 2 flokka.

- a. Veðurskeytastöðvar, sem senda Veðurstofunni veðurfregnir daglega.
- b. Veðráttu- eða loftlagsstöðvar, sem senda Veðurstofunni mánaðarlegar (eða vikulegar) skýrslur um gerðar veðurathuganir.

a. Veðurskeytastöðvar.

3. gr.

Veðurskeytastöðvar senda Veðurstofunni veðurfregnir í símskeyti eða loftskæti, tvisvar til fjórum sinnum á dag. Aðalathugunartímar eru kl. 8, kl. 17, en aukaathuganir kl. 6, kl. 12, kl. 15 og kl. 21.

Á aðalathugunartímum senda allar veðurskeytastöðvar veðurfregnir, en á auka-athugunartímum aðeins nokkrar stöðvar, eftir nánari fyrirmælum Veðurstofunnar. Veðurskeytin skulu vera í tölum og samín eftir þeim reglum, sem Veðurstofan setur.

4. gr.

Hver athugunarmaður færir þær veðurfregnir, er hann sendir, inn í þar til gerðar bækur, sem hann sendir Veðurstofunni við lok hvers mánaðar ásamt þeim uppteiknunum, sem síritandi mæliáhöldin hafa gert.

Allar veðurfregnir skulu að lokinni athugun sendar tafarlaust til

57 næstu símastöðvar, er annast um, að þær komist til veðurstofunnar 18. júní eigi síðar en 15 mínútum eftir að stöðin fékk þær í hendur.

5. gr.

Veðurskeytastöðvarnar skiftast í 3 flokka:

- a. 1. flokks veðurskeytastöðvar skulu senda fregnir um loftvægi og loftvægisbreytingar, vind, úrkomu, raka loftsins, veðrið á athugunartíma, veðurlag frá því veðurfregn var síðast send og um útlit loftsins og skýjafar. Ennfremur um sjógang, snjólag, skyggni og hæð skýja, ef Veðurstofan æskir þess.
- b. 2. flokks veðurskeytastöðvar senda fregnir um lofthita, úrkomu, um vind, veðrið á athugunartíma, veðurlag frá því síðasta veðurfregn var send, og um útlit loftsins og skýjafar. Ennfremur um sjógang, snjólag, skyggni, hæð skýja og raka loftsins, ef Veðurstofan æskir þess.
- c. 3. flokks stöðvar senda fregnir um vind og veðrið á athugunartíma, útlit loftsins og skýjafar og veðurlag milli athugana. Ennfremur um sjógang, snjólag, skyggni og hæð skýja, ef Veðurstofan æskir þess.

Allar veðurskeytastöðvar skulu senda Veðurstofunni fregnir um hafísa, öskufall og landskjálfta, þegar ástæða er til.

6. gr.

Veðurstofan skal og kosta kapps um, að fá veðurskeyti frá nokkrum íslenskum skipum, er þau eru á þeim stöðum, að fengur er í veðurskeytum frá þeim. Auk þeirra upplýsinga, sem eru í skeytum veðurskeytastöðvanna, skal þess vera getið í veðurskeytum skipanna, hvar athugun hafi verið gerð og hver sjávarhitinn er, en fella má niður að geta um úrkomumagn og raka.

b. Veðráttustöðvar.

7. gr.

Veðráttustöðvar skiftast í:

1. Almennar loftlagsstöðvar,
2. Regnmælistöðvar.

Á loftlagsstöðvunum skal allajafna athugað veðrið þrisvar á dag, kl. 8, 14 og 21. Veðurathuginin er í því fólgin, að mældur er lofthitinn, athugaður vindur (átt og veðurhæð), brim, sjóveður og sérstök fyrirbrigði, svo sem snæljós, eldingar, þrumur, norðurljós o. fl. Ennfremur er athugað að morgninum snjólag, hagl, og ef áhöld eru til þess skal þá mældur mestur og minnstur hiti og úrkoma á undanförunum sólarhring, svo og sjávarhiti og snjódýpt. Að kveldinu skal getið um sjósókn,

fénaðargjöf og um þurk að sumrinu. Auk þess skal athugað, ef úrkoma verður milli athugana eða svo hvasst, að veðurhæð teljist 9 eða meira. Veðurathugunarmenn skulu í skýrslum sínum skýra frá hafis, landskjálftum og öllum einkennilegum eða sjaldgæfum náttúru-viðburðum, svo sem vígahnöttum, öskufalli, rosabaugum um sól og tungl, sömuleiðis um komu og burtför helztu farfugla, blómgunartíma helztu blómjurta og um þá búnaðarhætti, sem eru að einhverju leyti háðir tíðarfari, svo sem byrjun sláttar og sláttarlok, hvenær fénaður er tekinn á gjöf og hvenær honum er sleppt að vorinu o. s. frv., allt eftir nánari fyrirmælum Veðurstofunnar.

Þessar veðurathuganir eru þegar í stað færðar inn í þar til gerðar athugunarbakur, en við lok hvers mánaðar eru þær færðar þaðan inn í skýrslu, sem þegar er send Veðurstofunni.

Regnmælistöðvar hafa aðeins regnmæli og athugast hann kl. 8 á hverjum morgni. Skýrslu um mælingarnar skal senda við hver mánaðarlok til Veðurstofunnar.

III. Eftirlit með stöðvum.

8. gr.

Veðurstofan skal með munnlegum og skriflegum leiðbeiningum kenna veðurathugunarmönnum að gera veðurathuganir vel og ábyggilega, og hún sér um, að þeir hafi nægileg og áreiðanleg veðurathugunaráhöld. Hún athugar og, að veðurfregnir og veðurskýrslur stöðvanna séu réttar og ábyggilegar. Verði vart við misfellur, skal gerð gangskör að því, að þeim sé kippt í lag við fyrsta tækifæri. Veðurstofan skal láta mann, er nóga þekkingu hefir, rannsaka áhöld og athugunaraðferðir hvernar stöðvar eigi sjaldnar en á 3 ára fresti, nema stöðvar séu mjög afskekktar og sérstök atvik hamli, að þetta eftirlit geti farið fram. Þeim mönnum, er annast veðurspár á Veðurstofunni, skal gefinn kostur á að hafa þetta eftirlit með höndum, að svo miklu leyti sem ástæður leyfa.

Auk hinna almennu veðurathugana, lætur Veðurstofan á nokkrum stöðum gera reglubundnar mælingar á jarðvegshita og sólfari. Hún lætur og framkvæma rannsóknir með loftbelgjum eða á annan hátt á vindum uppi í lofti, við Veðurstofuna í Reykjavík, og ef þörf gerist, einnig á einum stað á Norður- eða Austurlandi.

Veðurstofan setur reglur um framkvæmd eftirlitsins á athugunarstöðvunum.

9. gr.

Veðurstofan sér um, að landskjálftamælarnir í Reykjavík séu í góðu lagi, látnir ganga og aðgættir daglega, hvort orðið hafi vart við landskjálfta. Árangur landskjálftamælinganna skal birtur á þann hátt, sem alþjóðareglur gera ráð fyrir.

- 57** Veðurstofan geri svo fljótt, sem hægt er, ráðstafanir til að halda 18. júní uppi mælingum á skriðjökklum, sem eru nálægt byggð. Einkum skal áherzla lögð á það, að mæla þá skriðjökla, sem hætt er við jökulhlaupum úr.

IV. Veðurspár.

10. gr.

Á Veðurstofunni skal kappkosta að safna daglega öllum þeim veðurskeytum, sem gagnleg eru fyrir veðurspárnar, og hægt er að ná. Landssíminn skal sjá um, að Veðurstofan fái í tæka tíð hin innlendu veðurskeyti, en hin erlendu veðurskeyti skal Veðurstofan sjálf taka loftleiðina, en landssímastjórnin sér um, að skeytatakan truflist eigi að innlendum skeytasendingum. Sérstaklega skal stund á það lögð, að taka veðurskeyti frá Bretlandi, Norðurlöndum, Grænlandi, Norður-Ameríku, Jan Mayen og frá skipum í Atlantshafinu og Norður-Íshafinu, ennfremur frá öðrum stöðum, er Veðurstofan álitur nauðsynlegt að fá skeyti frá. Ef sérstök vandkvæði eru á því, að Veðurstofan nái þeim erlendum veðurskeytum, sem henni er þörf á, getur hún samið við landssímastjóra, að loftskeytastöðin taki þau fyrir hana.

11. gr.

Þær veðurfregnir, sem fást, skulu jafnóðum settar niður á kort og eftir þeim gerð veðurkort, þar sem sjáist greinilega, hvernig loftvægið og loftvægisbreytingar eru á þeim svæðum, sem veðurfregnir eru frá, sömuleiðis lofthiti og sjávarhiti, veðrið á athugunartíma og milli athugana og útlit lofts og skýjafar. Skal þess gætt, að rita á kortin allar aðrar upplýsingar, sem skeytin herma, og að haldi mega verða við veðurspár.

Um merkingu kortanna skal farið eftir alþjóðareglum, ef settar verða, svo langt sem þær ná.

12. gr.

Veðurstofan sendir út daglega veðurfregnir, sem byggðar eru á síðustu veðurfregnum frá veðurstöðvum innan lands og utan og þeim veðurkortum, sem gerð hafa verið. Í veðurfregnum skal skýrt frá:

- a. Hvernig veðrið var við síðustu athugun á nokkrum stöðvum hér á landi og fáeinum erlendum stöðvum, sem menn almennt skiftir mestu að vita um.
- b. Hvar þær loftvægishæðir og lægðir eru, sem valda þá mestu um veðurlagið við Ísland, og hvert þær munu færast.
- c. Hverjar veðurhorfur eru um næsta sólarhring hér á landi og á miðum og helztu siglingaleiðum hér við land.

Í veðurspánum skal allajafna sagt, hver vindátt, eftir 8 höfuð-

áttum, muni verða, og veðurhæð eftir 12 stigum. Hvort þurkur muni verða, og ef hætt er við úrkomu, skal, að svo miklu leyti sem hægt er, 18. júní sagt, hvernig úrkomu verði. Ennfremur skal þess getið, ef búizt er við þoku.

Því svæði, sem veðurspánum er ætlað að ná yfir, skal skift í hæfilega mörg héruð, og skal samin veðurspá fyrir hvert þeirra.

13. gr.

Í veðurspánum skal allajafna sagt fyrir um vindátt, veðurhæð, úrkomu, þoku og meiriháttar hitabreytingar.

- a. Vindátt skal talin eftir 8 höfuðáttum, og skulu þær jafnan skammstafaðar, eins og þegar þær eru lesnar upp gegnum síma, N., NA., A., SA., S., SV., V., NV.
- b. Veðurhæð skal talin í 12 vindstigum, sem hjer segir:

Vindhraði í metrum á sekúndu, mældur
6 metra yfir yfirborð jarðar og þar sem
mishæðir ekki trufla:

0. Logn	0	—	0,5
1. Andvari	0,6	—	1,7
2. Kul	1,8	—	3,3
3. Gola	3,4	—	5,2
4. Kaldi	5,3	—	7,4
5. Stinningsgola	7,5	—	9,8
6. Stinningskaldi	9,9	—	12,4
7. Snarpur vindur	12,5	—	15,2
8. Hvasviðri	15,3	—	18,2
9. Stormur	18,3	—	21,5
10. Rok	21,6	—	25,1
11. Ofsarok	25,2	—	29,0
12. Fárviðri meira en	29,0		

Í veðurspám skal veðurhæð gefin til kynna í 9 stigum, sem hjer segir:

Hægviðri	merkir	veðurhæð	0— 3
Gola	—	—	3— 4
Kaldi	—	—	4— 5
Stinningskaldi	—	—	5— 6
Allhvas (vindur)	—	—	6— 7
Hvas (—)	—	—	7— 8
Stormur	—	—	8— 9
Rok	—	—	9—10
Ofsaveður	—	—	yfir 10

Ef veðurútlit er þannig, að ekki er hægt að segja með neinni

57
18. júní

vissu um veðurhæð, má sleppa því, og aðeins tilgreina áttina, stundum að viðbættum orðunum vaxandi eða minkandi.
c. Úrkoma: Að vetrinum skal þess einkum gætt, að segja fyrir snjókomu.

V. Útsending veðurspáanna.

14. gr.

Veðurfregnir skulu símaðar tvisvar á dag, kvölds og morgna, til landssímans, sem sendir þær samstundis út um land, sem símfregnir.

Um sama leyti eru og símaðar, til loftskeytastöðvarinnar, veðurfregnir, sem ætlaðar eru skipum hér við land.

Í sambandi við veðurfregnirnar skal Veðurstofan senda fregnir um hafis og öskufall, þegar ástæða er til.

15. gr.

Veðurstofan sendir veðurfregnir sínar á hverjum degi, kvöld og morgna, svo fljótt sem hægt er, eftir að henni hafa borizt veðurfregnir frá stöðvunum.

Auk veðurspáanna á morgnana og kvöldin sendir Veðurstofan út veðurspár á öðrum tímum, er hún telur útlit fyrir snögg veðrabrigði eða illviðri, sem veðurspáin næsta á undan hafði eigi gert ráð fyrir.

Í helztu verstöðvum og hafnarbæjum skal reisa stormvita, er gefi til kynna yfirvofandi stormhættu, allt eftir nánari fyrirmælum Veðurstofunnar.

16. gr.

Landssíminn sér um, að veðurfregnir Veðurstofunnar kvöld og morgna séu birtar á öllum 1. og 2. flokks símastöðvum, eigi síðar en 1 klukkustund eftir að Veðurstofan hefir símað veðurfregnina til lands-símastöðvarinnar í Reykjavík. Á hverri símastöð skal eigi aðeins birta þá veðurspá, sem gildir fyrir það hérað, sem stöðin er í, heldur og veðurspá næstu héraða. Veðurfregnir skulu ritaðar á eyðublöð, sem gerð eru eftir fyrirsögn Veðurstofunnar.

Auka-veðurspár séu allajafnan sendar aðeins til nokkurra stöðva, sem Veðurstofan tiltekur í hvert skifti. Sendingu og birtingu þessara veðurskeyta skal landssíminn hraða sem mest og ganga þau fyrir öðrum skeytum. Loftskeytastöðin sendir og út auka-veðurspár.

17. gr.

Veðurfregnir með útvarpi eru sendar virka daga þrisvar á dag, kvöld og morgna og eftir miðdegi. Helga daga aðeins tvisvar á dag.

Í útvarpsfregnum Veðurstofunnar má í stað stafliðs a. 12. gr. gera

almenna grein fyrir veðurlaginu hér á landi og umhverfis Ísland, samkvæmt síðustu veðurfregnum. 57
18. júní

18. gr.

Ef opinberum flugferðum er haldið uppi innanlands eða við önnur lönd, skal Veðurstofan sjá flugmönnum fyrir veðurfregnum eftir því sem unnt er og nauðsynlegt er talið.

VI. Bókhald og bókaútgáfa Veðurstofunnar.

19. gr.

Á Veðurstofunni skulu færðar þessar bækur:

- a. Dagbók, þar sem getið er um allar helztu breytingar, sem verða á högum og starfsaðferðum Veðurstofunnar.
- b. Reikningsbók, þar sem færðar eru inn tekjur og gjöld Veðurstofunnar.
- c. Veðurfreg nabækur, þar sem ritaðar eru allar þær veðurupplýsingar og veðurspár, sem Veðurstofan sendir út til almennings, og skal sjást, hvenær veðurfregnin var send, og hver sendi hana. Þess skal einnig getið, hvernig spáin hafi rætt. Spárnar skulu dæmdar samkvæmt reglum, er Veðurstofan setur.

Rétt er, að veðurspámaður geti þess, ef sérstakar ástæður hafa valdið því, að spáin mistókst að einhverju leyti.

- d. Skrá yfir bókasafn og áhaldasafn Veðurstofunnar og leiðréttingar mæliáhalda.
- e. Gjörðabók yfir fundi starfsmanna Veðurstofunnar, samkv. 39. gr.

20. gr.

Í skjalasafni Veðurstofunnar skal geymt:

1. Bréf, sem Veðurstofunni hafa borizt.
2. Eftirrit bréfa og leiðbeininga, sem Veðurstofan hefir sent.
3. Dagbók Veðurstofunnar.
4. Reikningabækur Veðurstofunnar.
5. Veðurfreg nabækur.
6. Skýrslur og bækur, sem athugunarmenn hafa fært athuganir sínar inn í.
7. Bækur, sem ritaðar eru í þær veðurfregnir, sem Veðurstofunni hafa borizt.
8. Veðurkort, sem gerð hafa verið á Veðurstofunni.
9. Rit sjálfritandi mæliáhalda.
10. Skrár yfir bókasafn og áhaldasafn Veðurstofunnar og leiðréttingar mæliáhalda.

- 57 11. Aðrar bækur, skrár og skýrslur, sem samdar hafa verið á Veðurstof-
18. júní unni, ef þær hafa eigi birt á prenti.
12. Lýsingar á athugunarstöðum, eftirlitsskýrslur og ferðaskýrslur.

21. gr.

Skjöl og bækur úr skjalasafninu, sem hætt er að nota á Veðurstofunni, má fela Þjóðskjalasafninu til varðveislu. Enginn starfsmaður Veðurstofunnar má nota skjalasafnið til að birta úr því almenningi, nema með leyfi forstjóra.

Þó skal veðurfræðingum heimilt að nota veðurkort og athuganir til veðurfræðilegra rannsókna, enda beri þeir sjálfir ábyrgð á slíkum rannsóknum, ef birtar verða.

22. gr.

Veðurstofan vinnur úr veðurathugunum hvers mánaðar sérstaklega, og hvers árs fyrir sig. Skulu fundin meðaltöl loftvægis og lofthita, einnig mesta og minnsta hita, sjávarhita, skýjahulu, snjólags, haga og snjóðýptar, úrkomumagn, tíðleik vinda eftir áttum og hve marga daga hafa verið stormar, úrkoma, þoka, auð jörð og alsnjóa. Árangur þessara rannsókna skal birtur svo fljótt sem auðið er, og jafnframt skýrt frá veðrum, sem að einhverju leyti hafa verið sérkennileg, eða valdið hafa tjóni hér við land eða á. Sömuleiðis stutt skýrsla um hafísa og landskjálfta, ef ástæða er til.

Ennfremur ber Veðurstofunni að vinna úr veðurathugunum yfir lengri eða skemmri tíma, eftir því sem föng eru á, og birta niðurstöðuna.

23. gr.

Veðurstofan lætur prenta eða fjölrita:

1. Yfirlit yfir veðráttu hér á landi í hverjum mánuði og á hverju ári, frá hæfilega mörgum stöðvum.
2. Skrá yfir landskjálfta, er landskjálftamælarnir í Reykjavík, eða annarsstaðar á landinu, hafa sýnt, eða vart hefir orðið við. Skráin skal samin samkvæmt alþjóðareglum um slíkar skrár.
3. Töflur um veðrið hér á landi, dag frá degi, samkvæmt alþjóðareglum um slíkar töflur, ennfremur dagleg veðurkort, eftir veðurkortum Veðurstofunnar að morgninum, svo fljótt, sem því verður við komið.

Mánaðar- og ársyfirlitið skal samið á íslenzku, með erlendum skýringum á helztu atriðum, en hitt skal samið á víðlesnu, erlendu máli.

Þau rit, sem Veðurstofan lætur birta, sendir hún gefins til skyldra erlendra stofnana, og þau rit, sem eru á íslenzku, skulu veðurathugunarmenn Veðurstofunnar fá ókeypis.

24. gr.

Veðurstofan skal kappkosta að standa í sambandi við skyldar erlendar stofnanir með bókaskiftum og á hvern þann hátt, sem til hagræðis geti orðið íslenskri veðurfræði. Hún tekur og þátt í alþjóðasamvinnu um veðurfræðileg málefni og gætir þar hagsmuna og sóma Íslands, sbr. 1. gr. e.

57

18. júní

25. gr.

Veðurstofan skal, ef þess er óskað af einstökum mönnum eða stofnunum, gefa skýrslu um veðrið á umliðnum tíma, eftir þeim skýrslum og skjölum, sem eru í hennar vörslum, en greiða skulu þeir, sem slíkar skýrslur fá, Veðurstofunni 5 kr. fyrir hverja skýrslu, og auk þess 2 kr. fyrir hvern dag og stað, sem skýrsla nær yfir. Ef skýrslur þessar eiga að notast í almenningsþarfir eða til vísindalegra rannsókna, skulu þær þó allajafna vera veittar án endurgjalds.

Munnlegum fyrirspurnum einstakra manna um veðrið og veðurhorfur, skal svara þegar hægt er, og störf Veðurstofunnar líða eigi við það. En kostnað við skeytasendingar greiðir sá, er spyr.

VII. Starfslíð Veðurstofunnar.

26. gr.

Starfsmenn Veðurstofunnar eru: Forstjóri, fulltrúi, aðstoðarmenn og loftskeytamenn, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

Forstjóri og fulltrúi eru stjórnskipaðir. Aðra starfsmenn ræður forstjóri í samráði við fulltrúa og eldri aðstoðarmann, og eigi skemur en til eins árs í senn, enda séu stöðurnar auglýstar til umsóknar með nægum fyrirvara. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir frá beggja hálfu. Forstjóri getur vikið starfsmanni burt fyrirvaralaust, ef hann vanrækir mjög starf sitt, eða brýtur vísvitandi í bág við þær starfsreglur, sem settar eru. Hver sá, sem vikið er burt á þann hátt, getur leitað úrskurðar atvinnuáráðherra um, hvort burtvikningin sé réttmæt.

27. gr.

Sá, sem semur veðurspánnar, skal hafa góða þekkingu á veðurfræði og veðurspám hér á landi, og skal hann með reynslu-veðurspám í 3 mánuði hafa sýnt, að hann sé starfinu vaxinn.

28. gr.

Vinnutími starfsmanna sé 42 stundir á viku, en skylt er starfsmönnum að vinna á helgum dögum, þegar forstjóri telur þess þörf, gegn þóknun, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir að þeim sé greidd. Þó skulu vinnustundir á sunnudögum að jafnaði eigi vera

57 fleiri en 7 stundir samtals í hverjum hálfum mánuði, og séu menn lausir 18. júní frá vinnu eftir því sem við verður komið annanhvern helgidag.

29. gr.

Fastir starfsmenn, sem hafa verið eitt ár á Veðursofunni, hafa hálf mánaðar sumarleyfi, án þess að dregið sé af launum þeirra. Forstjóri og fulltrúi hafa þriggja vikna sumarleyfi. Ferðist forstjóri eða fulltrúi út um land hálfan mánuð eða lengur, til eftirlits með veðurathugunarstöðvunum. Þá sé á því ári sumarleyfið aðeins hálfur mánuður.

30. gr.

Forstjóri og fulltrúi taka laun samkvæmt lögum um Veðurstofu á Íslandi.

31. gr.

Veðurstofan sér athugunarmönnum fyrir áhöldum og greiðir allan kostnað við flutning þeirra, uppsetningu og viðhald. Veðurathugunarmenn skulu kappkosta að fara vel með áhöldin og sjá um, að þau verði eigi fyrir skemmdum vegna vanhírðu.

VIII. Þóknun til athugunarmanna.

32. gr.

Athugunarmenn á loftlagsstöðvum fá sem ársþóknun kr. 20.00 og hækkandi að liðnum hverjum 2 árum um kr. 20.00 upp í 300.00 krónur, ef athugunum er haldið áfram á sama stað. Er mannaskifti verða, reiknast með athugunartíma þess er við tekur þriðjungur af athugunartíma fyrirrennara hans. Eigi skal þægja fyrir loftlagsathuganir, nema á einum stað í hverju byggðarlagi, nema mikil ástæða sé til að ætla, að ein stöð gefi ekki rétta hugmynd um loftslagið í því héraði. Ársþóknunin er miðuð við það, að gerðar séu fullkomnar loftlagsathuganir. Ef úrkomumæling er eigi gerð, lækkar ársþóknunin, sem því nemur. Athugunarmenn á regnmælistöðvum fá sem ársþóknun kr. 10.00, hækkandi á hverjum 2 árum um 5 krónur upp í 50 krónur.

33. gr.

Forstjórar fyrir stofnunum, sem njóta töluverðs opinbers styrks, svo sem skólar, tilraunastöðvar o. s. frv., skulu svo fljótlega, sem því verður við komið, skyldir til að sjá um endurgjaldslaust, að fullgildar loftslagsathuganir séu gerðar við stofnunina, ef Veðurstofan leggur til nauðsynleg mæliáhöld.

34. gr.

57

Athugunarmenn 1. flokks veðurskeytastöðva fá 30 aura fyrir 18. júní hverja veðurfregn.

Athugunarmenn 2. flokks veðurskeytastöðva fá 25 aura fyrir hverja veðurfregn.

Athugunarmenn 3. flokks veðurskeytastöðva fá 20 aura fyrir hverja veðurfregn.

Ef veðurathugunarmaður á veðurskeytastöð gerir fullkomnar loftslagsathuganir, fær hann fyrir þær hálfu þóknun.

Þeir veðurathugunarmenn, sem nú eru, mega halda kjörum sínum óbreyttum, ef þeir vilja það heldur.

Veðurstofunni er heimilt að verja alt að 300 krónum árlega til verðlauna handa þeim athugunarmönnum, sem beztar athuganir hafa gert á árinu.

35. gr.

Forstjóri Veðurstofunnar getur lagt niður loftlagsstöðvar og veðurskeytastöðvar, er hann telur ástæðu til þess. Ef veðurathuganir hafa verið gerðar á sama stað í meira en 50 ár, skal stöðin eigi lögð niður nema knýjandi ástæður séu til þess, en flytja má hana til nærliggjandi staðar, ef allt bendir á, að hún sé þar eigi ver sett.

36. gr.

Veðurstofan hefir heimild til að lána þeim mönnum, sem vilja gera veðurathuganir, nauðsynleg mæliáhöld, gegn því, að þeir sendi Veðurstofunni mánaðarlega skýrslu um þær athuganir, enda séu mælingarnar gerðar samkvæmt reglum Veðurstofunnar. Ef hætt verður að nota áhöldin, skal þeim skilað á Veðurstofuna, henni að kostnaðarlausu. Ef athuganir standa ár eða lengur, greiðir Veðurstofan burðargjald undir skýrslurnar til hennar.

IX. *Starfstilhögun á Veðurstofunni.*

37. gr.

Forstjóri Veðurstofunnar hefir á hendi alla stjórn hennar og kemur fram út á við fyrir hennar hönd. Hann skiftir störfum með starfsmönnum Veðurstofunnar, að svo miklu leyti, sem þau eru ekki ákveðin í reglugjörð þessari, og ræður starfsaðferðum, og hefir eftirlit með, að verkin séu framkvæmd á réttan hátt og í fullgildu lagi. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum Veðurstofunnar. Ennfremur hefir hann umsjón með bókasafni og skjalasafni Veðurstofunnar, og tekur að öðru leyti þátt í daglegum störfum hennar, eftir því sem tími vinnst til. Öll bréf frá Veður-

57 stofunni, skulu undirrituð af honum, en bréf, sem samin eru af öðrum 18. júní föstum starfsmönnum, skulu og með-undirrituð af þeim, er semur þau.

Forstjóri skal fylgjast vel með í þeim framförum, er verða kunna, í þeim fræðigreinum, er snerta störf Veðurstofunnar, og eftir því sem ástæður leyfa, og þörf krefur, koma í framkvæmd rannsóknum á íslenzku veðurfari og öðru, sem líklegt er að verði til gagns fyrir störf Veðurstofunnar.

Við lok hvers starfsárs skal forstjóri gefa skýrslu yfir störf Veðurstofunnar á liðnu ári. Skal hún prentuð með ársyfirliti sama árs.

38. gr.

Fulltrúi skal aðstoða forstjóra við stjórn Veðurstofunnar og í forföllum hans eða fjarveru hafa á hendi stjórn hennar, enda hafi hann aðgang að öllum bréfum og skilríkjum, er hana varða. Hann skal með aðstoð veðurfræðinga annast veðurspár, og hafa umsjón með því verki. Honum skal af forstjóra falin umsjón með áhaldasafni Veðurstofunnar og í samráði við forstjóra, að sjá um áhaldakaup, eftir því sem fjárhagur leyfir á ári hverju.

39. gr.

Á hverjum vetri, frá 1. okt. til 1. maí, skulu forstjóri, fulltrúi og aðstoðarmenn halda tíða fundi, og aldrei sjaldnar en einu sinni í hverri viku, undir stjórn forstjóra, eða fulltrúa í forföllum hans. Á fundum þessum skulu teknar til athugunar og umræðu síðustu veðurspár og veðurkort, sömuleiðis önnur mál, er snerta Veðurstofuna, eftir því sem tími og ástæður eru til. Stjórnandi Veðurstofunnar ákveður fundartíma, en fundir séu haldnir á Veðurstofunni.

Á fundum þessum skal haldin gjörðabók og fært í hana það, sem þar gjörist, sömuleiðis hverjir mættir eru. Bækur þessar skulu geymdar í skjalasafni Veðurstofunnar.

40. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. júlí þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.